

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 1999/57/EB

frá 7. júní 1999

## um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 78/764/EBE varðandi ökumannssæti í landbúnaðardráttarvélum á hjólum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

meira en 100 mm frá því plani;“.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

2. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB<sup>(2)</sup>, einkum 11. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 78/764/EBE frá 25. júlí 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ökumannssæti í landbúnaðardráttarvélum á hjólum<sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/54/EB, einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í því skyni að auka öryggi er nauðsynlegt nú að kveða ítarlega á um hvernig ökumannssæti skuli komið fyrir, þó þannig að reynt sé að forðast óhagræði fyrir ökumanninn í vinnuvistfræðilegu tilliti.
- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót með 12. gr. tilskipunar 74/150/EBE.

1. Frá 1. júlí 2000 er aðildarríkjunum óheimilt:

— að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða

— að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,

ef dráttarvélar, sem um ræðir, eru í samræmi við kröfurnar í tilskipun 78/764/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. janúar 2001 skulu aðildarríkin :

— ekki lengur gefa út skjalið, sem kveðið er á um í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE, fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfurnar í tilskipun 78/764/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun,

— er aðildarríkjunum heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfurnar í tilskipun 78/764/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

3. gr.

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað liðar 1.1.5 í IV. viðauka við tilskipun 78/764/EBE:

„1.1.5. Þegar einungis er hægt að stilla sætið langsum og lóðrétt skal lengdarásinn, sem liggur í gegnum viðmiðunarpunkt sætisins, vera samhliða lóðréttu lengdarmiðjuplani dráttarvélarinnar sem liggur í gegnum miðju stýrishjólsins og ekki

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 84, 28.3.1974, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 255, 18.9.1978, bls. 1.

*4. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*5. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. júní 1999.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Martin BANGEMANN

*framkvæmdastjóri.*

---